Klettur ályktanir til 30. aðalfundar LS 2014

1.
Aðalfundur Kletts lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf.

2.
Aðalfundur Kletts skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að auka nú þegar ýsukvóta og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.

3.
Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.

4.
Aðalfundur Kletts ítrekar fyrri ályktanir um að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta og viðmiðunarafli í ýsu og steinbít verði tafarlaust færður til fyrra horfs.

5.
Skorað er á stjórnvöld og ráðherra að efla strandveiðar og festa þær varanlega í sessi með því að auka varanlega aflaviðmiðun til þessara veiða og tryggja að veiðar á einstökum strandveiðisvæðum stöðvist ekki innan örfárra daga vegna aflaviðmiðunnar.

6.
Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríl og vega að einhverju leiti á móti rányrkju tegundarinnar með því að gefa krókaveiðar á makríl frjálsar á grunnslóð.

7.
Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.

8.
Skorað er á stjórnvöld að einfalda sem mest vigtarreglur og framkvæmd á vigtun bolfiskafla, Styður Klettur þá hugmynd að afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog með fastri ísprósentu sem endurspeglar að meðaltali rétta vigtun á fiski. Í kringum 6-8% frádrag vegna ís hjá dagróðrarbátum í stað þeirra 3% sem nú eru.

9.
Klettur leggur til og skorar á stjórnvöld að við endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða verði tryggð virkari verðmyndun á fiski og tryggt aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum. Í þeim tilgangi er lagt til að allir útgerðaraðilar verði skyldaðir til að bjóða til sölu á skipulögum uppboðsmarkaði um 20-25% af lönduðum afla í hverri tegund með einhverjum sveigjanleika milli tegunda á hverju 3 mánaða tímabili.

10.
Skorað er á Stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta s.s. svæðið í kringum Kolbeinsey, Hornbanka og Norðanverðar Strandir. Því er harðlega mótmælt að farsvið smábáta sé takmarkað við ástand og ásigkomulags AIS eftirlitkerfisins eins og það er á hverjum tíma.

11.
Skorað er á stjórnvöld að hlutast til um að Eyjafjörður verði hreinsaðu af aflögðum búnaði og línum sem áður tilheyrðu fiski- og kræklingaræktendum á svæðinu. Nú er engin slík starfsemi í gangi og leifar af þessum búnaði hafa þegar valdið sjófarendum hættu og umtalsverðu tjóni á bátum.

12.
Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en þremur árum eftir að þau hafa verið ákveðin.

13.
Aðalfundur Kletts styður ályktun LS og skorar á sjávarútvegsráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/2009 um friðað hólf á Fljótagrunni.

14.
Aðalfundur Kletts fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuívilnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæa stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.

15.
Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir með afnámi sjómannaafsláttar .

16.
Aðalfundur Kletts hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknarstofnun beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð.

17.
Aðalfundur Kletts leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E að því gefnu að verð liggi fyrir. Ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og taki mið af markaðsaðstæðum.

18.
Aðalfundur Kletts leggur til að heimildir til stækkunar grásleppuleyfa verði felldar úr gildi, jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi og auka hagræðingu.

19.
Aðalfundur Kletts leggur til að hægt verði að segja sig úr strandveiðum um hver mánaðar mót.

20.
Útgerðum verði gert kleift að velja um um fjögurra mánaða samfellt strandveiðitímabil frá 1. april – 30. sept.

Þannig samþykkt á aðalfundi Kletts 18.9.2014